2 silfurbergskrystallar og 4 mosakórallar, (allir innlendir). Hverahrúð-  
ur frá Reykjanesi, trjástofn úr steinkolalögum og vatnshæna í skiftum  
frá Náttúrufræðisfélaginu. Goering-Schmidt: suðrænar nytjajurtir (12  
spjöld). Weigelt: Næringargildi ýmiskonar matvöru (2 spjöld).

## Landafraeðissafnið.

### a. Gefnir munir.

1 kort yfir Sviss, (Magnús Ármannsson, stud. art.)

Nokkur póstsþjöld frá Skotlandi og Spáni, (Kjartan og Ólafur Jensen,  
stud. art.).

### b. Keyptir munir.

Lehmanns þjóðamyndir, (8 spjöld).

79 skuggamyndir (skioptikon-myndir) frá ýmsum stöðum og 3 kassar  
til þess að geyma þær í.

C. C. Christensen, veggkort, yfir Norðurlönd.

## Önnur kensluáhöld.

Tvenn 20 veggspjöld með teiknifyrirmyndum.

## Eðlisfræðissafnið.

### Keyptir munir.

Nokkrir málmbútar  $1\text{cm}^3$  og  $3\text{cm}^3$  til að sýna mismunandi eðlisþunga  
málma. Þéttidæla. Hefjandi með gúmmikúlu. Vökvalaus loftþunga-

mælir (aneroid Barometer), opinn. Boyles-ventill með tilheyrandi glasi. Toricellis-pípa, ásamt glertrékt og járnskál. 4 hitamælur. Suðuflokkur. Áhald til að sýna hitaleiðslu í eir og járn. Gufuvél. Glóðarlampi. Nokkur rafmagnshylki. Metrastika. 2 mæliglös.

## Sögukenluáhöld.

57 skuggamyndir (skioptikon-myndir); meiri hlutinn af grískum fornbyggingum. Gerhard Munthe, Noregr, Svíaríki; Danmörk. Historisk Oversigt over de tre nordiske Riger i Middelalderen. Spruner u. Bretschneider, 6 kört upplímd og á keflum, (Evropa um 350 nach Christo, Evropa im Anfange des sechsten Jahrhunderts, Evropa zur Zeit der Kreuzzüge, Evropa zur Zeit des 30 jährigen Krieges, Evropa im achtzehnten Jahrhundert, Evropa im Zeitalter Napoleons (1789—1815).

## V. Fjárstyrkur skólans.

Fjárstyrkur sá, sem nemendum var ætlaður af landsfé, var veittur af Stjórnarráðinu eftir tillögum rektors og kennaranna í tvennu lagi: 1) 1000 kr. með bréfi Stjórnarráðsins dags. 15. marz, þ. á. 2) 1000 kr. með bréfi stjórnarráðsins dags. 28. júní, þ. á. Hversu mikinn styrk hver nemandi hafi fengið, sést á nemendatalinu hér að framan.

Húsaleigustyrkur var veittur 36 nemendum, 20 kr. hverjum.

Allir nemendur nutu gjafkenslu.

Þeir piltar, sem hafa haft umsjón á hendi (sjá bls 4), fengu, eins og að undanfögnu, bækur að launum af fé skólans.

Sömuleiðis var í lok skólaársins verðlaunabókum úthlutað til nokkurra nemenda fyrir fé það, sem til þess er ætlað í fjárlöggunum,

## Bræðrasjóðurinn.

Reikningur Bræðrasjóðsins frá 4. apríl 1908 til 4. apríl 1909.

*Tekjur:*

1. Eign:			
a. í Söfnunarsjóði . . . . .	kr. 15033,78		
b. í bankavaxtabréfum . . . . .	— 1700,00		
c. í sparisjóði . . . . .	— 422,66		
d. hjá reikningshaldara . . . . .	— 0,78	kr. 17157,22	
2. Frá stúdentum 1908 . . . . .	—	22,00	
3. Frá gagnfræðingum 1908 . . . . .	—	42,00	
4. Tillög 84 skólanemenda . . . . .	—	84,00	
5. Ágóði við skifti á bankavaxtabréfum . . . . .	—	2,00	
6. Vextir:			
a. af eign í Söfnunarsjóði . . . . .	kr. 679,54		
b. af bankavaxtabréfum . . . . .	— 76,50		
c. af eign í Sparisjóði . . . . .	— 22,27	— 778,31	
		<u>Samtals</u>	kr. 18085,53

*Gjöld:*

1. Úthlutað á skólaárinu . . . . .	kr. 473,00	
2 Eign:		
a. í Söfnunarsjóði . . . . .	kr. 15373,55	
b. í bankavaxtabréfum . . . . .	— 1700,00	
c. í Sparisjóði . . . . .	— 537,43	
d. hjá reikningshaldara . . . . .	— 1,55	kr. 17612,53
		<u>Samtals</u>
		kr. 18085,53

Reykjavíkur almenna mentaskóla 4. apríl 1909.

*Stgr. Thorsteinsson.*

### Úthlutun úr Bræðrasjóði í apríl 1909.

1. Símon Þórðarson 40 kr. 2. Bjarni Snæbjarnarson 20 kr. 3. Vigfús Í. Sigurðsson 23 kr. 4. Eiríkur Einarsson 20 kr. 5. Halldór Kristinsson 15 kr. 6. Jakob Kristinsson 25 kr. 7. Laufey Valdemarsdóttir 15 kr. 8. Ólafur Jónsson 25 kr. 9. Sigurður Sigurðsson 15 kr. 10. Þórhallur Jóhannesson 25 kr. 11. Arngrímur Kristjánsson 25 kr. 12. Einar Jónsson 20 kr. 13. Bjarni Eiríksson 15 kr. 14. Hjörtur Þorsteinsson 15 kr. 15. Hans Einarsson 15 kr. 16. Vilmundur Jónsson 15 kr. 17. Ásgeir Ásgeirsson 20 kr. 18. Jóhannes Guðmundsson

25 kr. 19. Karl Ármannsson 15 kr. 20. Páll Auðunarson 20 kr. 21. Steinn Steinsson 15 kr. 22. Eiríkur Helgason 15 kr. 23. Gunnar Benediktsson 10 kr. 24. Halldór Kolbeins 10 kr. 25. Þórhallur Jónasson 15 kr.

## Legat Jóns drs. Þorkelssonar rektors.

### Reikningur legatsins árið 1908.

#### Tekjur:

Eign í Söfnunarsjóði við ársbyrjun 1908 . . . . .	kr. 834,37
Vextir 1908. . . . .	— 37,71
	<u>Samtals kr. 872,08</u>

#### Gjöld:

Eign í Söfnunarsjóði við árslok 1908 . . . . .	kr. 872,08
	<u>Samtals kr. 872,08</u>

Reykjavíkur almenna mentaskóla 4. apríl 1909.

*Stgr. Thorsteinsson.*

## Reikningur

### Minningarsjóðs 25 ára stúdenta

frá

### Reykjavíkurskóla 1908.

Eign í Söfnunarsjóði Íslands í ársbyrjun . . . . .	kr. 703,06
Gjafir eldri stúdenta . . . . .	— 25,00
Tillög stúdenta frá 1883 . . . . .	— 75,00
Vextir 1908 . . . . .	— 33,51
	<u>Eign í Söfnunarsjóði Íslands í árslok kr. 836,57</u>

Reykjavíkur almenna mentaskóla 4. apríl 1908.

*Stgr. Thorsteinsson.*

## Gjafir og tillög

til Minningarsjóðs 25 ára stúdenta

frá

Reykjavíkurskóla 1908.

*Gjafir:*

Finnur Jónsson prófessor í Kaupmannahöfn . . . . .	kr.	5,00
H. Sigfús Bjarnarson, konsúll í Reykjavík . . . . .	—	10,00
Pálmi Pálsson adjunkt í Reykjavík . . . . .	—	5,00
Þorleifur Jónsson póstaftgreiðslumaður í Reykjavík . . . . .	—	5,00

*Tillög:*

1. Bjarni Þorsteinsson prestur á Hvanneyri . . . . .	—	25,00
2. Gísli Brynjúlfsson læknir í Kaupmannahöfn . . . . .	—	25,00
3. Guðmundur Magnússon dósent í Reykjavík . . . . .	—	25,00

## Reikningur

Legats Jos. Cal. Poestions.

*Tekjur:*

Eign í Sparisjóði við ársbyrjun 1908. . . . .	kr.	105,54
Vextir til 11. ágúst 1909 . . . . .	—	4,25
		<hr/>
	Samtals kr.	110,29

*Gjöld:*

Eign í Sparisjóði 11. ágúst 1909 . . . . .	kr.	110,29
	Samtals kr.	110,29

Reykjavíkुर almenna mentaskóla í ágústm. 1909.

*Stgr. Thorsteinsson.*

## VI. Próf.

### A. Miðsvetrarpróf

var haldið síðari hluta febrúarmánaðar, eins og vant hefir verið.



## B. Árspróf

var haldið í 1., 2., 4. og 5. bekk í júnimánuði.

## C. Inntökupróf.

### a. við byrjun skólaársins.

*Tækir í 1. bekk.*

1. Páll Valdemar Guðmundsson, fæddur að Torfalæk á Ásum í Húnavatnssýslu 25. janúar 1895. Foreldrar: Guðmundur bóndi Guðmundsson og kona hans Ingibjörg Ingimundardóttir.
2. Sigfús Guðmundsson, fæddur í Reykjavík 15. júní 1895. Foreldrar: Guðmundur landlæknir Björnsson og kona hans Guðrún Sigurðardóttir.
3. Þórunn Benediktsdóttir, fædd í Reykjavík 9. júní 1893. Foreldrar: Benedikt kaupmaður Þórarinsson og kona hans Sólrún Eiríksdóttir.

### b. við lok skólaársins.

*Tækir í 1. bekk.*

1. Ágústa Erlendsdóttir, fædd í Reykjavík 11. marz 1895. Foreldrar: Erlendur trésmiður Árnason og kona hans Ágústa Ahrenz.
2. Ársæll Gunnarsson, fæddur í Reykjavík 31. desember 1895. Foreldrar: Gunnar kaupmaður Gunnarsson og kona hans Júlíana Ísfold Jónsdóttir.
3. Áslaug Zoëga, fædd í Reykjavík 14. ágúst 1895. Foreldrar: Geir yfirkennari Zoëga og kona hans Bryndís Sigurðardóttir.
4. Ásta Jónsdóttir, fædd í Reykjavík 20. september 1895. Foreldrar: Jón skipstjóri Þórðarson og kona hans Vigdís Magnúsdóttir.
5. Daniel Fjeldsted, fæddur í Ferjukoti í Borgarsókn 6. nóvember 1894. Foreldrar: Vernharður Fjeldsted og kona hans Vigdís Pétursdóttir.
6. Gunnar Richardsson, fæddur að Rafnseyri við Arnarfjörð 5. ágúst 1896. Foreldrar: Richard prestur Torfason og kona hans Málfríður Kristín Lúðvíksdóttir.
7. Helgi Hagbarth Tómasson, fæddur á Vatneyri við Patreksfjörð 25. september 1896. Foreldrar: Tómas læknir Helgason og kona hans Sigríð Lydia f. Thejll.
8. Ingibjörg Guðmundsdóttir, fædd í Reykjavík 11. maí 1895. Foreldrar: Guðmundur Guðjónsson og Sigríður Davíðsdóttir.

9. Kristín Bjarnadóttir, fædd í Engey 29. maí 1894. Foreldrar: Bjarni bóndi Magnússon og kona hans Ragnhildur Ólafsdóttir.
10. Kristinn Halldór Júlíus Ármannsson, fæddur á Saxahóli í Snæfellsnessýslu 28. september 1895. Foreldrar: Ármann Jónsson og kona hans Katrin Sveinsdóttir.
11. Lárus Arnórsson, fæddur á Hesti í Borgarfirði 29. apríl 1895. Foreldrar: Arnór prestur Þorláksson og kona hans Guðrún Jónsdóttir.
12. Niels Haraldur Pálsson, fæddur á Ísafirði 14. júní 1897. Foreldrar: Páll stýrimannaskólastjóri Halldórsson og kona hans Þuríður Nielsdóttir.
13. Ólafía Hólmfríður Þóra Einarsdóttir, fædd í Reykjavík 28. ágúst 1894. Foreldrar: Einar tómthúsmáður Ketilsson og kona hans Guðleif Erlendsdóttir.
14. Páll Bjarnason Melsted, fæddur í Framnesi á Skeiðum 28. október 1894. Foreldrar: Bjarni Jónsson Melsted og kona hans Þórunn Guðmundsdóttir.
15. Sigmundur Þorgilsson, fæddur í Knararhöfn 30. nóvember 1893. Foreldrar: Þorgils bóndi Friðriksson og kona hans Halldóra Sigmundsdóttir.
16. Þórunn Hafstein, fædd 19. október 1895. Foreldrar: Hannes bankastjóri Hafstein og kona hans Ragnheiður Hafstein.

## D. Gagnfræðapróf

(burtfararpróf gagnfræðadeildar).

1. Í októbermánuði 1908.

Undir próf þetta gekk skólasveinninn Einar E. Hjörleifsson, er eigi hafði getað tekið próf um vorið sökum sjúkleika. Prófdómari var skipaður af Stjórnarráðinu cand. mag. Jón Ófeigsson. Við prófið fekk pilturinn þessar einkunnir:

Íslenska munnleg.	Íslenska skrifleg.	Danska munnleg.	Danska skrifleg.	Enska munnleg.	Enska skrifleg.	Sagnfræði.	Landfræði	Náttúrusaga.	Eðlisfræði	Stærðfræði munnleg.	Stærðfræði skrifleg.	Teikning.	Rítleikni.	Hannyrð.	Leikfimi.	Söngur.	Hegðun.
5	5	5	5	4	3	6	6	5	5	2	3	5	5	4	5	6	6

Verkefningin í hinu skriflega prófi í október 1908 voru:

1. *Í íslenskar ritgjörðir.*

a. *Endursögn.*

Íslenskar þjóðsögur I. b. bls. 123: Gíslí heiftrækni.

b. *Að ljúsa útsýni úr Reykjavík.*

2. *Í danskan stíl.*

Af almennum skemtunum, sem allir hafa ókeyppis aðgang að, eru *giftingarnar*<sup>1)</sup> í dómkirkjunni langhelztar. En slíkir viðburðir eru líka sannkallaðir hátíðisdagar fyrir allan bæinn, einkum ef það er einhver embættismannsdóttir, sem giftist, og — þá náttúrlega einhverjum embættismanni, því dætur embættismanna í Reykjavík *taka* aldrei ofan fyrir sig<sup>2)</sup>. Það eru fá dæmi til, að embættismannsdóttir í Reykjavík hafi nokkurn tíma elskað mann, þ. e. giftst manni, sem hafði ekki von um að komast eins hátt í „rang“ og faðir hennar var. Þær biða þangað til sá rétti, helzt járisti með „láði,“ kemur, og þegar hann kemur, þá rétta þær honum alla þessa uppsöfnuðu og samanspöruðu elsku, nærri því eins og sparísjóðsbók. Og þegar svo farið er að gifta, þá streymir fólk af öllum stéttum, helzt ógiftir karlmenn og kvenmenn, hópum saman til dómkirkjunnar og standa þar fyrir utan dyrnar, stundum klukkutímum saman, áður en opnað er, hveraig sem viðrar. Þegar svo loksins er opnað, þá ryðst allur flokkurinn á dyrnar, því að allir vilja vera fyrstir.

3. *Í enskan stíl.*

Svo bar við einu sinni fyrir mörgum árum, að maður nokkur var á reið á afskektum vegi á Suður-Englandi. Skyndilega heyrði hann hrópað hátt á hjálp, og rétt á eftir kom hann auga á mann, er stóð við ræturnar á háu tré. „Hvað er að hérna?“ spurði ferðamaðurinn. „Guði sé lof, að þér eruð kominn!“ sagði maðurinn; „eg mætti hérna ræningjahóp í morgun. Eg faldi mig bak við steininn þarna, en þeir fundu mig, læmdu vasa mína og bundu mig við tréð.“ Rændu þeir öllum peningum yðar?“ spurði aðkomumaður. „Ekki alveg“, sagði hinn og brosti, þrátt fyrir þjáningarnar; „eg hef enn nokkra bankaseðla, sem eg hafði falið á brjósti mér.“ „Jæja,“ sagði ferðamaðurinn, „eg ætla þá að taka bankaseðlana, sem hinir skildu eftir.“ Því næst tók hann peningana og maðurinn gat hvorki breyft hönd né fót til þess að aftra því.

1) giftling = Ægtevielse.

2) að taka ofan fyrir sig: indgaa

en Mesalliance.

## 2. Í júnimánuði 1909.

Við próf þetta voru þeir dýralæknir Magnús Einarsson, cand. mag. Jón Ófeigsson og séra Bjarni Hjaltsted skipaðir prófdómendur með bréfi Stjórnarráðsins dags. 2. júní. Undir próf þetta gengu, auk 8 þriðjubekkinga, 25 utanskólanemendur; af þeim stóðust 4 eigi prófið, og 4 gátu eigi lokið prófi sökum sjúkdómsforfalla.

Tafla sú, sem hér fer á eftir, sýnir afdrif prófsins:

Nöfn.	Íslenzka munnl.	Íslenzka skrifl.	Danska munnl.	Danska skrifl.	Enska munnl.	Enska skrifl.	Sagnfræði.	Landfræði.	Náttúrusaga.	Eðlisfræði.	Stærðfr. munnl.	Stærðfr. skrifl.	Teikning.	Ritleikni.	Stig.	Adaleinkunn.	Hannyrð.	Leikfimi.	Söngur.	Hegðun.
Skólanemendur:																				
1. Ásgeir Ásgeirsson . .	4	4	5	2	5	2	5	5	5	6	4	5	7	5	64	4,6	6	4	6	6
2. Haraldur Thorsteinss.	5	4	5	3	4	1	6	5	4	4	1	1	4	4	51	3,6	3	n	6	7
3. Jóhannes Guðmundss.	4	4	5	3	5	4	6	4	4	6	2	1	5	5	58	4,1	5	4	5	8
4. Jón Andrésson . . . .	5	4	6	4	5	4	5	6	5	6	5	3	4	5	67	4,8	3	n	7	8
5. Jón Sveinsson . . . . .	3	4	5	4	5	2	4	4	4	4	1	0	6	4	50	3,6	4	5	5	7
6. Karl M. Ármannsson.	4	5	6	3	5	2	6	5	5	6	3	3	6	4	63	4,5	6	5	6	8
7. Páll Auðunsson . . . .	6	5	7	5	7	6	7	6	7	6	7	6	3	5	83	5,9	5	5	4	7
8. Steinn M. Steinsen . .	6	5	6	5	5	5	6	6	6	7	6	7	4	3	77	5,5	5	4	4	8
Utanskólanemendur:																				
Bjarni Jósefsson . . . .	4	5	6	5	4	4	5	6	5	6	4	3	3	4	64	4,6	2			
Eðvarð Runólfsson . .	7	5	6	4	7	5	6	7	7	5	5	6	5	4	79	5,6	7			
Finnbogi R Þorvaldss.	5	5	5	2	5	3	4	5	6	5	4	4	5	6	64	4,6	5			
Geir Einarsson . . . . .	5	4	6	2	4	4	5	5	2	5	3	1	4	3	53	3,8	5			
Gunnar A Jóhanness.	5	5	5	2	5	3	5	5	3	6	4	3	3	4	58	4,1	4			
Helgi Guðmundsson . .	3	4	6	2	4	4	5	4	4	3	5	2	3	5	54	3,9	5			
Jón Björnsson . . . . .	5	4	6	3	6	4	5	6	3	4	5	3	4	3	61	4,4	4			
Jón Guðnason . . . . .	5	5	6	2	4	2	5	4	2	5	5	5	2	5	57	4,1	2			
Kjartan Jónsson . . . .	4	4	6	2	5	4	6	5	3	4	3	2	1	4	53	3,8	0			
Ólafur Þorsteinsson . .	5	4	5	4	5	4	6	5	3	3	4	4	5	5	62	4,4	5			
Páll Bjarnason . . . . .	6	3	5	3	5	2	7	6	6	7	4	2	3	4	63	4,5	5			
Páll J. Ólafsson . . . .	4	5	4	3	5	4	3	4	3	2	2	2	5	5	49	3,5	8			
Ragnar E. Hjörleifss.	4	3	4	0	4	1	6	6	3	2	5	4	5	3	50	3,6	5			
Steinþór Guðmundss.	6	4	6	3	6	3	7	7	6	6	6	3	4	7	73	5,2	3			
Tryggvi G. Hjörleifss.	5	4	6	1	6	2	6	5	4	4	3	1	3	5	55	3,9	5			
Þorsteinn Kristjánss.	6	5	5	4	6	4	7	5	6	6	3	4	4	3	68	4,9	5			
Þorsteinn Thorsteinss.	6	5	6	4	5	3	6	4	4	5	4	3	4	6	65	4,6	3			

1. Bjarni Jósefsson, sjá inntökupróf til 1. b. 1906. Nr. 2.
2. Eðvarð Runólfsson, sjá inntökupróf til 1. b. 1905. Nr. 7.
3. Finnbogi Rütur Þorvaldsson, fæddur í Haga á Barðaströnd 22. janúar 1891. Foreldrar: Þorvaldur prestur Jakobsson og kona hans Magdalena Jónasdóttir.
4. Geir Einarsson, fæddur að Borg á Mýrum 17. apríl 1893. Foreldrar: Einar prófastur Friðgeirsson og kona hans Jakobína H. Sigurgeirsdóttir.
5. Gunnar Andrew Jóhannesson, fæddur á Þingeyri 21. apríl 1891. Foreldrar: Jóhannes hreppstjóri Ólafsson og kona hans Sigurlaug Samsonsdóttir.
6. Helgi Guðmundsson, sjá inntökupróf í 1. b. 1906 Nr. 5.
7. Jón Björnsson, sjá inntökupróf í 1. b. 1906, Nr. 8.
8. Jón Guðnason, fæddur á Óspaksstöðum við Hrátafjörð 12. júlí 1889. Foreldrar: Guðni bóndi Einarsson og kona hans Guðrún Jónsdóttir.
9. Kjartan Jónsson, fæddur á Garðstöðum í Ísafjarðarsýslu 20. desember 1891. Foreldrar: Jón bóndi Einarsson og kona hans Sigriður Jónsdóttir.
10. Ólafur Þorsteinsson, fæddur á Þinghól í Mjóafirði 22. maí 1891. Foreldrar: Þorsteinn prestur Halldórsson og kona hans Lára Sveinbjarnardóttir.
11. Páll Bjarnason, sjá inntökupróf í 1. b. 1906, Nr. 13.
12. Páll J. Ólafsson, sjá inntökupróf í 1. b. 1906, Nr. 14.
13. Ragnar E. Hjörleifsson, sjá inntökupróf í 1. b. 1906, Nr. 15.
14. Steinþór Guðmundsson, fæddur í Holti í Barðastrandarsýslu 1. desember 1890. Foreldrar: Guðmundur Eggertsson og kona hans Helga Helgadóttir.
15. Tryggvi G. Hjörleifsson, sjá inntökupróf í 1. b. 1906, Nr. 18.
16. Þorsteinn Kristjánsson, fæddur á Þverá í Eyjahreppi 31. ágúst 1891. Foreldrar: Kristján bóndi Jörundsson og kona hans Helga Þorkelsdóttir.
17. Þorsteinn Thorsteinsson, fæddur að Bjánslæk 11. febrúar 1890. Foreldrar: Davíð Scheving Thorsteinsson læknir og kona hans Þórunn Stefánsdóttir f. Stephensen.

Verkefnið í hinu skriflega prófi í júní 1909 voru:

1. *Í íslenskar ritgjörðir.*

a. *Endursögn.*

Knútur Dana-ást, Lesbók handa börnum og unglingum II. bls. 21.

b. *Að lýsa átthögun sínum.*

## 2. Í danskan stíl.

Finnur Jónsson biskup í Skálholti (d. 1789) var allra manna lærð-astur hér á landi á sinni tíð og laus við hjátrú. Það var venja hans jafnan, er hann var á visitazíum sínum, að sofa í kirkjum. Var það einu sinni, að hann var staddur að Bakka í Hrutafirði; var það síðla sumars, og rekkja búin honum í kór. En sem tók að rökkva og allir aðrir en biskupssveinar voru á braut gengnir, lá biskup vakandi langt á nótt fram; þykist hann þá sjá, að kirkjan fyllist af fólki og fer það innar í kór; gengu þar hver eftir annan að rekkju biskups, og lita framan í hann og snúa svo við aftur. Ekki varð biskupi meint við ófögnuð þenna, en svo þótti honum nóg um sýn þessa, að aldrei svaf hann upp frá því í kirkjum, og sagði einn af sveinum hans frá þessum atburði. Finnur biskup þótti vera almúgalegur í háttum, og færðu menn það til dæma með öðru, að þegar hann hefði verið á yfirreidum sínum um Strandasýslu, hefðu menn fagnað honum með hákarli og brennivini, því góður þótti honum sopinn.

## 3. Í enskan stíl.

Konungur nokkur í *Austurlöndum*<sup>1)</sup> ællaði sér að hefja ófrið, og miklu liði hafði verið safnað, en hann vissi ekki, hvern hann ætti að gera að hershöfðingja yfir liði sínu. Í *Austurlöndum* hafa menn einkennilegar aðferðir við að útkljá erfið mál. Konungurinn kaus sér hershöfðingja á þennan hátt: Hann skipaði öllum liðsforingjum sínum að koma saman í herbergi einu í höll sinni, lagði síðan epli á miðja *gólfábreiðuna*<sup>2)</sup> og sagði þeim, að sá sem gæti náð eplinu, án þess að stíga fæti á ábreiðuna, skyldi gerður hershöfðingi. Allir liðsforingjarnir reyndu að ná eplinu með höndunum, en gátu það ekki, því að ábreiðan var of stór. Loks kom fram maður, sluttur og digur og voru hinir allir vissir um, að honum mundi ekki takast það. Hann hneigði sig fyrir konunginum, sneri sér síðan að ábreiðunni og *vafði* hana *saman*<sup>3)</sup> í hægðum sínum þangað til hann komst svo nærri eplinu, að hann gat náð í það með hendinni. Hann var gerður hershöfðingi og varð síðar mjög frægur.

Í *stærðfræði* fekk hver nemandi sérstakt verkefni.

<sup>1)</sup> Í *Austurlöndum* = in the East.

<sup>2)</sup> *gólfábreiða*: carpet.

<sup>3)</sup> *vafja saman* = roll up.

## E. Burtfararpróf

(stúdentspróf)

var haldið síðari hluta júnímánaðar. Voru þeir landsbókavörður Jón Jakobsson, cand. mag. Jón Ófeigsson, séra Bjarni Hjaltested og efnafræðingur Ásgeir Torfason skipaðir prófdómendur við próf þetta með bréfi Stjórnarráðsins dags. 2. júní þ. á.

Undir próf þetta gengu, auk 6. bekkinga, 4 utanskólasveinar.

Verkefnið í hinu skriflega stúdentsprófi voru:

### 1. *Í íslenska ritgjörð I.*

- a. Ment er máttur.
- b. Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða.\*)

### 2. *Í íslenska ritgjörð II.*

- a. Hugsunarháttur og félagslíf Íslendinga fyrrum og nú.
- b. Um sjálfstæði og nokkur orð um sjálfstæðisbaráttu ýmsra þjóða, einkum Íslendinga.

### 3. *Í danskan stíl.*

a. Hver Englendingur, sem notið hefir góðs uppeldis, getur verið stýrimaður á bát, ökumaður í vagni og reiðmaður, þegar svo ber undir. Englendingar eru vanir við líkamlega áreynslu frá barnæsku. Þeim verður ekki mikið fyrir að fara nokkur hundruð enskar mílur fótgangandi, eða róa bát frá London til Oxford. Það ber ósjaldan við, að menn fari gangandi frá London til Edinborgar. Enskir ferðamenn hafa ekki heldur mikinn farangur með sér: Þeir hafa ekki nema ferðatösku, og ofan í hana láta þeir ullarskyrtuna sína, hálslin og eina sokka, og haldæ svo af stað. Eg veit um einn Englending, sem fór fótgangandi norður á nyrzla tanga Skotlands. Kunningjar hans hentu gys að honum af því að hann ætlaði að fara fyrst á járnbraut til Skotlands. „Hertu upp hugann, lagsmaður,“ sögðu þeir, „og farðu fótgangandi

---

\*) Utanskólasveinninn Jón Jóhannesson var sjúkur meðan á skriflega prófinu stóð; gjörði hann sitt skriflega próf því síðar en hinir, og fékk þá verkefni þau, sem hér eru merkt með bókstafnum b,

alla leiðina, þú hefir miklu minna gagn og gaman af ferðinni, ef þú fer á járnbrautinni.“

Margir gamlir menn á Englandi ganga  $\frac{1}{4}$ — $\frac{1}{2}$  danska milu á dag og þeir láta ekki af þeirri venju fyr en þeir leggjast á banasængina. Á Frakklandi sitja gamlir menn hálfan daginn við miðdegisborðið, og seinni hluta dags eru þeir á gangi á alfaravegum og láta gamla þjóna sína leiða sig, af því að þeir eru ekki færir um að ganga óstuddir. Frakkar eru venjulega orðnir ellihrumir um sextugt; það eru afleiðing- ar af æskubrekum og sífeldum kyrsetum.

b. Markmið allra hinna stærri skóla á Englandi er það, að þróa gáfur unglínganna og glæða elsku þeirra til hins góða, gera unglíng- ana að mentuðum mönnum, gera þá styrka til sálar og líkama.

Allir eru skólar þessir í sveitunum og eru þeir nokkurs konar smá- þorp með görðum og ræktuðu landi umhverfis.

Forstöðumenn skólanna hafa alt að 100,000 kr. í árslaun.

Í lærðum skólum viðgengst enginn slæpingsháttur, — engin verð- laun handa leingjum og heimskingjum, eins og titt er sumstaðar ann- arsstaðar. Ef einhver skólasveinn skarar fram úr sambekkingum sín- um, er hann fluttur í efri bekk. Á Englandi eru þetta 25—30 skóla- sveinar í bekk. Allir sveinarnir hafa gagn af kenslunni og kennarinn getur fengist við hvern þeirra út af fyrir sig. Á Frakklandi eru venju- lega í hverjum bekk 10 afbragðs-piltar, aðrir tíu, sem læra meira eða minna og fimmtíu, sem ekkert læra.

Á Englandi er foreldrum kostnaðarlaust að menta syni sína, ef þeir hafa hæfileika til bóknáms. Þeir fá námsstyrk, þegar þeir hafa lokið undirbúningsprófi. Þegar þeir hafa lokið námi sínu við lærðu skólana, fá þeir enn styrk, meðan þeir eru við háskóla í Oxford eða Cambridge. Efnilegir stúdentar fá einnig annan styrk við háskólann, og geta þannig í 4—5 ár haft tekjur, sem nema um 5000 kr. á hverju ári.

#### 4. Í þýðingu úr latínu.

a. Exspecto epistolas tuas, quibus indices mihi, circuitus Siciliae totius quid tibi novi ostenderit, et omnia de ipsa Charybdi certiora. Nam Scyllam saxum esse et quidem non terribile navigantibus, optime scio; Charybdis an respondeat fabulis, perscribi mihi desidero. Et si forte observaveris (dignum est autem, quod observes), fac nos certiores, utrum uno tantum vento agatur in vortices, an omnis tempestas aequae mare illud contorqueat, et an verum sit, quidquid illo freti turbine arreptum est, per multa millia passuum trahi conditum et circa Tauro- menitanum litus emergere. Si haec mihi perscripseris, tunc tibi audebo mandare, ut in honorem meum Aetnam quoque ascendas; quam consumi



et sensim subsidere, ex hoc colligunt quidam, quod aliquando longius navigantibus solebat ostendi. Potest hoc accidere, non quia montis altitudo descendit, sed quia ignis evanuit et minus vehemens ac largus effertur, ob eandem causam fumo quoque per diem segniore. Neutrum autem incredibile est, nec montem, qui devoretur quotidie, minui, nec ignem non manere eundem, qui non ipse ex se est, sed in aliqua inferna valle conceptus exaestuat et aliis pascitur, in ipso monte non alimentum habet, sed viam. (Seneca).

b. Ut primum ex pueris excessit Archias atque ab iis artibus, quibus aetas puerilis ad humanitatem informari solet, se ad scribendi studium contulit, primum Antiochiae — nam ibi natus est loco nobili, celebri quondam urbe et copiosa atque eruditissimis hominibus liberalissimisque studiis adfluenti, celeriter antecellere omnibus ingenii gloria contigit. Post in ceteris Asiae partibus cunctaque Graecia sic eius adventus celebrabantur, ut famam ingenii expectatio hominis, expectationem ipsius adventus admiratioque superaret. Erat Italia tum plena Graecarum artium ac disciplinarum, studiaque haec et in Latio vehementius tum colebantur, quam nunc isdem in oppidis, et hic Romae propter tranquillitatem rei publicae non neglegebantur. Itaque hunc et Tarentini et Regini et Neapolitani civitate ceterisque praemiis donarunt, et omnes, qui aliquid de ingeniis poterant judicare, cognitione atque hospitio dignum existimarunt. Hac tanta celebritate famae cum esset iam absentibus notus, Romam venit Mario consule et Catulo. Nactus est primum consules eos, quorum, alter res ad scribendum maximas, alter cum res gestas, tum etiam studium atque aures adhibere posset. Statim Luculli, cum praetextatus etiam tum Archias esset, eum domum suam receperunt.

## Útskrifaðir 30. júní 1909.

Nr.	Nöfn.	Fæðingar- dagur.	Ísl. ritg. I.	Ísl. ritg. II.	Danska.	Franška.	Pýzka.	Lat. þýðing.	Latína lesin.	Latína ólesin	Gríska.	Kristin fræði.	Sagnfræði.	Eðlisfræði og stjörnufræði	Aðaleinkunn	Stigatal.
1.	Jónas Jónasson . . . .	$\frac{9}{2}$ 87	d.	d.	d. ÷	á. ÷	á.	d. ÷	á.	á. ÷	á.	á.	á. ÷	á.	I. ág.	106
2.	Theódór Jakobsson . .	$\frac{26}{3}$ 90	d. ÷	d.	d. ÷	á. ÷	á.	d. ÷	á.	á. ÷	d.	á.	d. ÷	d.	I.	103
3.	Halldór Kristjánsson . .	$\frac{12}{12}$ 88	d.	d.	d. ÷	á. ÷	d. ÷	v. ÷	á. ÷	d. ÷	á. ÷	á.	d. ÷	á. ÷	I.	102
4.	Kristján Ó. Bjarnars. . .	$\frac{24}{3}$ 86	d.	v.	d.	á. ÷	á. ÷	v.	d.	d.	d. ÷	á. ÷	á. ÷	d. ÷	I.	97
5.	Bjarni Snæbjarnarson.	$\frac{10}{3}$ 89	d. ÷	v. ÷	d.	d. ÷	d. ÷	v.	d. ÷	d. ÷	d.	d. ÷	d.	v.	I.	93
6.	Þórður R. Á. Þorgrs.s.	$\frac{27}{7}$ 87	v. ÷	v.	v. ÷	d.	d. ÷	v. ÷	d.	d.	d.	d.	d. ÷	d. ÷	I.	88
7.	Halldór J. Þorsteinnss. .	$\frac{18}{3}$ 88	v. ÷	v. ÷	d.	v. ÷	d.	v. ÷	d. ÷	d.	d. ÷	d. ÷	d.	v.	I.	87
8.	Halldór Kristinsson . . .	$\frac{20}{8}$ 89	v. ÷	v.	v. ÷	d. ÷	d. ÷	v. ÷	d.	d.	d. ÷	d. ÷	d. ÷	I. ÷	II.	82
9.	Simon J. Þórðarson . . .	$\frac{1}{7}$ 88	d. ÷	d. ÷	d.	d. ÷	d. ÷	v. ÷	d. ÷	d.	d. ÷	d.	v.	i. ÷	II.	78
10.	Eiríkur Einarsson . . . .	$\frac{3}{8}$ 85	d. ÷	v. ÷	v.	d. ÷	d.	v. ÷	d. ÷	d. ÷	d. ÷	d.	d.	i. ÷	II.	78
11.	Vígfús Í. Sigurðsson. . .	$\frac{7}{5}$ 87	v.	v.	v. ÷	v. ÷	v. ÷	I.	v. ÷	v. ÷	d. ÷	d.	d. ÷	v.	II.	73
	Utanskólasveinar:															
	Guðmundur Ásmundss.	$\frac{11}{8}$ 83	v. ÷	v.	v.	v. ÷	d. ÷	I. ÷	v. ÷	d. ÷	v.	d.	d.	v. ÷	II.	79
	Jón Jóhannesson . . . .	$\frac{21}{12}$ 87	d. ÷	v. ÷	d. ÷	v. ÷	d. ÷	I. ÷	v. ÷	d.	v. ÷	d. ÷	v.	v. ÷	II.	77
	Marteen A. Th. Bartels.	$\frac{31}{8}$ 88	v. ÷	v. ÷	v.	v.	d. ÷	I. ÷	v.	v.	d. ÷	v.	d. ÷	v. ÷	II.	72
	Jónas Stephensen . . . .	$\frac{17}{2}$ 88	I.	v. ÷	v.	v. ÷	v.	I. ÷	v.	v.	v.	v.	d. ÷	v. ÷	III.	62

## VII. Stjórn skólans.

### 1. Fjárhagsvottorð

*nemenda hins almenna mentaskóla í Reykjavík.*

Samkvæmt bréfi stiftsyrvaldanna 20. maí 1896 verða þeir lærisveinar, sem vilja fá námsstyrk af landsfé, að senda til rektors vottorð um fjárhag sinn og allar ástæður fyrir 1. okt. ár hvert, og gildir þetta vottorð um leið sem bónarbréf um námsstyrk fyrir það skólaár, er þá fer í hönd. Eyðublöð til slíks fjárhagsvottorðs fást ókeypis hjá aðalumsjónarmanni skólans í skólahúsinu, og er það svo hljóðandi:\*

1. Nafn nemandans: . . . . . 2. Nöfn foreldra hans: . . . . .  
 3. Kom í Reykjavíkur mentaskóla árið . . . og settist í . . . bekk.  
 4. Hverja atvinnu eða embætti hefir faðir nemandans, eða — ef hann er dáinn — hverja stöðu hafði hann og hverja stöðu hefir móðirin, ef hún er á lífi? . . . . . 5. Eiga foreldrar nemandans fleiri óuppkom-  
 in börn en hann og eru nokkur þeirra sett til menta í öðrum skólum en barnaskólum? . . . . . 6. Hve miklar tekjur hefir faðirinn (eða móðirin) árlega af atvinnu sinni eða embætti? Ef faðirinn (eða móðirin) lifir á sveitabúskap eða sjávarútvegi, þarf ekki að svara þessari spurningu, en aftur á móti skal þá tilgreina, á hve mörgum jarðarhundur-  
 uðum hann (hún) býr, auk þess, um sjávarbóndann, hve mörgum skip-  
 um eða bátum hann (hún) heldur úti. Auðvitað eiga bændur sem aðrir að tilgreina, ef þeir hafa tekjur af öðru aukreitis við hliðina á sveita-  
 búskapnum eða sjávarútveginum, t. d. af umboði, póstafréiðslu, smíð-  
 um o. s. frv. Hefir móðirin nokkura sérstaka atvinnu, er gefi af sér nokkurar verulegar tekjur í félagsbú foreldranna, og þá hve miklar? . . . . . 7. Á faðirinn (eða móðirin) nokkura jarðeign, húseign, þil-  
 skip eða part úr þilskipi, fé á vöxtum eða aðra arðberandi eign? (Jarðarhundurð og upphæð veðlana skal nefna, en önnur eign tilfærisk í peningavirði). Hvað mikið telur faðirinn (móðirin) fram til tíundar í hundradatali? . . . . . 8. Á nemandinn nokkurn arf eða aðra sér-  
 eign, og þá hve mikið? (Jarðarhundurð skal telja, en önnur eign tilgreinisk í peningavirði) . . . . . 9. Fær nemandinn nokkura hjálp hjá öðrum en foreldrum sínum? . . . . . 10. Athugasemdir, sem vott-  
 orðsveitandi að öðru leyti kann að vilja taka fram.

Að fjárhagsvottorð þetta sé rétt í öllum greinum samkvæmt minni

\* Eyðurnar eru táknadar með punktum ( . . . ).

beztu vitund og að engu sé leynt, sem nauðsynlegt er að taka fram til að fá rétta hugmynd um fjárhag nemandans, það votta eg hér með við drengskap minn og samvizku.

..... dag .....

(Nafn vottorðsveitanda) .....

Hér með votta eg undirskrifaður, að mér sé ekkert kunnugt, sem lnekki framanskriðuðu fjárhagsvottorði eða ósanni það í neinni grein.

..... dag .....

(Nafn þess, er staðfestir vottorðið) .....

### Til athugunar fyrir vottorðsveitendur og umsækjendur:

1. Fjárhagsvottorð nemenda hins alm. mentaskóla skulu gefin af föður nemandans. Ef hann er dáinn eða á einhvern hátt fatlaður frá að undirskrifa það, og sé nemandinn ómyndugur (ekki fullra 18 ára), þá skal móðirin gera það í föðurins stað, svo framarlega sem hún situr í óskiftu húi, en annars löglega skipaður fjárhaldsmaður nemandans (ekki skólafjárhaldsmaður nema hann sé um leið löglega skipaður fjárhaldsmaður). Sé nemandinn hálfmyndugur (fullra 18 ára. yngri en 25 ára) og eigi ekki föður á lifi, skal hann sjálfur undirskrifa það með tilsjónarmanni. Sé nemandinn myndugur (fullra 25 ára) og eigi ekki föður á lifi, skal hann sjálfur undirskrifa vottorðið.
2. Auk þess skulu fjárhagsvottorðin staðfest af hlutaðeigandi sóknarpresti. Ef sóknarprestur er sjálfur vottorðsveitandi, skal það staðfest af hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.
3. Ef það sannast, að eitthvað sé ósatt eða rangt í framanskriðuðu fjárhagsvottorði og séu líkur til, að rangt sé skýrt frá af ásettu ráði, þá missir nemandinn allan þann styrk, sem hann kann að hafa haft, og getur ekki búist við að fá neinn styrk í skólanum upp frá því. Auk þess varðar það við lög, ef röng skýrsla er gefin.
4. Fjárhagsvottorðið á að vera komið til rektors skólans í síðasta lagi 1. október ár hvert og gildir um leið sem umsóknarbréf um námsstyrk eða annað styrktarfé á því skólaári, sem þá fer í hönd. Verður því að endurnýja það árlega. Verði einhver breyting til hins verra á ástæðum nemandans, eftir að vottorðið er undirskrifað, skal skólafjárhaldsmaður gera skriflega yfirlýsingu um það eftir beztu vitund og senda hana eigi seinna en 1. október, eða ef breytingin

verður síðar, þá í síðasta lagi fyrir 1. marz næst á eftir. Nýsveinar þeir, sem gera sér von um styrk á 1. skólaári, verða að senda inn fjárhagsvottorð fyrir 1. marz ár hvert.

## 2. Skilyrði fyrir inntöku í skólann.

a. *Skilyrði fyrir inntöku í gagnfræðadeildina* eru tekin fram í bráðabirgðareglugjörð fyrir nefndan skóla 18. og 19. gr. og eru báðar greinarnar til leiðbeiningar hlutaðeigendum prentaðar hér orðréttar:

18. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk gagnfræðadeildarinnar séu ekki yngri en 12 ára og ekki eldri en 15 ára fullra, og að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk lærdómsdeildarinnar, séu ekki yngri en 15 ára og ekki eldri en 18 ára fullra.

Þegar sérstaklega stendur á, getur Stjórnarráðið rýmkað efra aldurstakmarkið fyrir einstaka þilla, að því er lærdómsdeildina snertir, ef skólameistari mælir með því.

2. Að þeir séu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi eður öðrum líkamskvilla, sem orðið getur hinum nemendunum skaðvænn.
3. Að siðferði þeirra sé óspilt.
4. Að þeir leggi fram fullnægjandi vottorð frá þeim skóla, er þeir síðast hafa gengið í, ef þeir hafa verið að námi í öðrum skólum, eða frá þeim, sem hafa báúið þá undir skóla.

19. gr.

Til þess að verða tekinn í 1. bekk gagnfræðadeildarinnar, verður nemandinn að ganga undir próf,\* er sýni, að hann hafi þá kunnáttu og þroska, er hér segir:

1. Íslenzka munnleg.

Nemandinn verður að geta lesið skýrt og áheyrilega lesinn kaffa í óbundnu máli, og nokkurn veginn áheyrilega ólesinn kaffa sögulegs

---

\* Inntökuprófið skal að jafnaði haldið við lok júnimán. ár hvert (sbr. reglugjörð 17. gr.). Skulu nýsveinar, áður en þeir ganga undir próf, afhenda skólastjóra hin fyrirskipuðu vottorð frá kennurum sínum um, að þeir hafi veitt þeim tilsögn, ásamt skrá yfir það, sem þeir hafa lesið, siðferðisvottorð, skírnavottorð og bólusetningar.

efnis í óbundnu máli, hæfilega auðveldan að efni og orðfæri. Hann skal og geta skýrt frá efni hins lesna, ef hann er spurður, og sýna að hann hafi skilið það. Hann verður að kunna utan bókar nokkur íslenzk kvæði, helzt sögulegs efnis, og geta gjört grein fyrir efni þeirra, svo að það sjáist að hann hafi skilið þau.

Nemandinn þekki helztu almennar málfræðislegar hugmyndir og kunni helztu atriðin í íslenzkri beygingarfræði.

## 2. Íslenzka skrifleg.

Með skriflegu prófi verður nemandinn að sýna að hann geti nokkurn veginn ritvillulítið, og svo, að helztu lestrarmerki séu rétt sett, skýrt skriflega frá efni í stuttri og auðskilinni sögu, sem honum er sögð eða lesin fyrir. Skal það vera hreinlega og skipulega af hendi leyst.

## 3. Reikningur.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt, og skal nemandinn með því sýna, að hann kunni 4 aðalgreinir reikningsins með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum) og hafi leikni í að nota þær til að leysa úr auðveldum dæmum, er fyrir koma í daglegu lífi. Auk þess verður hann að vera leikinn í að reikna í huganum með lágum tölum.

## 4. Skrift.

Nemandinn verður að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.

## 5. Danska.

Nemandinn skal hafa lesið til prófsins eigi minna en 150 bls. í 8 blaða broti. Skal hann lesa upp stutta lesna grein og geta lagt hana út á íslenzku. Hann skal og þekkja hin allra helztu atriði danskrar beygingarfræði. Ennfremur verður hann að geta snúið munnlega og skriflega auðveldum setningum daglegs máls úr íslenzku á dönsku. Við prófið skal taka tillit til framburðarins.

## 6. Saga.

Nemandinn verður að hafa numið stutt ágríp af mannkynssögunni og af sögu Íslands.

## 7. Landfræði.

Nemandinn verður að hafa numið stult ágríp af allri landfræðinni og nokkurn veginn nákvæma lýsingu Íslands, og kunna að nota uppdrætti landa og jarðlíkan.

## 8. Náttúrusaga.

Nemandinn verður að þekkja allra helztu dýr, sérstaklega húsdýrin, og þau önnur dýr, sem menn varða mestu, ennfremur allra helztu jurtir, sérstaklega gagnjurtir.

3. Hver sá utanskólamañandi, er ællar að ganga undir burtfararpróf gagnfræðadeildarinnar á að afhenda skólastjóra

vottorð frá manni eða mönnum, sem lokið hafa burtfararprófum við hinn almenna mentaskóla eða öðrum jafngildum prófum, um það, að hann eða þeir hafi haft eftirlit með námi hans, og skal því fylgja skýrsla um það, sem nemandinn hefir lesið og numið.

4. *Skólabækur.* Allir nemendur eru skyldir að eiga eða hafa til brúkunar alt skólaárið allar þær bækur, sem við eru hafðar í þeim bekk, er þeir sitja í, þar á meðal mállýsingar og orðabækur í hverju máli, sem kent er í bekknum. Verða slíkar bækur ekki lánaðar nemendum úr skólabókasafninu, nema sérstakar ústæður séu fyrir hendi.

Reykjavík í ágústmánuði 1909.

**Stgr. Thorsteinsson.**

---